

Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

2. maí 2012

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 727. mál

Við undirrituð gerum alvarlegar athugasemdir við ofangreinda tillögu til þingsályktunar. Horft hafði verið til Rammaáætlunar sem skynsamlegrar sáttar milli sjónarmiða orkunýtingar og verndar orkukosta, þar sem fagleg sjónarmið væru hafin yfir öfgar.

Tillagan vîkur í veigamiklum atriðum frá vel ígrunduðum og hlutlægum niðurstöðum verkefnisstjórnar. Furðu sætir til dæmis að virkjanakostir í neðri hluta Þjórsár, sem farið hafa í gegnum ítarlegar rannsóknir og ítrekuð umsagnarferli, séu færðir niður í biðflokk á afar veikum forsendum.

Því miður ber tillagan merki öfgasjónarmiða í umhverfispólitík á kostnað skynsamlegrar verðmætasköpunar, sem knýjandi þörf er fyrir til að bæta afkomu heimilanna í landinu, ekki síst hér á Suðurnesjum þar sem atvinnuástandið er einna bágast. Tillagan er því að okkar mati ótæk og óásættanleg í núverandi mynd.

Nafn

Kennitala

<i>Fremundur Friðriksson</i>	<i>210157-4455</i>
<i>Eva Rut Vilhjalmsd</i>	<i>120993-3349</i>
<i>Sigríður Magnúsdóttir</i>	<i>260178-5705</i>

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 727. Mál (framhaldsblað)